

Aðalsteinn Ingólfsson framkvæmdastjóri Kjarvalsstaða, lýsir ferli Ásgríms fyrir Kvennaskólastúlkunum.

„Sumar myndirnar eru orðnar kunningjar mínir"

Rabbað við Kvennaskólastúlkur á Ásgrímssýningu í Kjarvalsstöðum

HÓPUR kvennaskólastúlkna heimsótti Kjarvalsstaði s.l. föstudag og skoðaði Ásgrímssýninguna undir leiðsögn Aðalsteins Ingólfssonar framkvæmdastjóra Kjarvalsstaða, en Bjarnveig Bjarnadóttir, forstöðumaður Ásgrímssafns, flutti einnig tölu fyrir stúlkurnar Um 9000 gestir hafa nú sótt Ásgrímssýninguna, sem borgin stendur fyrir og er aðgangur ókeypis.

Kvennaskólastúlkurnar fóru um sali Kjarvalsstaða og hlustuðu á útskýringar á myndum Asgríms og einnig var rabbað um myndirnar og feril málarans.

Við tókum nokkrar stúlknanna tali

„Maður sér ekki eftir að drífa sig á málverkasýningar"

„Ég hef komið í Ásgrímssafn og kannast því við margar Húsafellsmyndirnar hérna," sagði Soffía Arnþórsdóttir í 3 C landsprófi," en mér finnast vatnslitamyndirnar sérstaklega skemmtilegar og er eiginlega hrifnari af þeim en olíumálverkunum, þótt það sé náttúrulega ekki algilt. Það er annars erfitt að tjá þetta með orðum, því eins og með alla myndlist, frá mínu sjónarmiði, er bezt fyrir augað að skynja áhrifin, þótt sjálfsagt sé hægt að koma því í orð fyrir listfræðinga."


„Ferðu oft á málverkasýningar?"

„Sjaldnar en ég ætti að fara. Maður eyðir allt of oft kvöldinu í sjónvarp eða aðra vitleysu, sem maður dauðsér svo eftir.

Ég held að fólk geri allt of mikið af því að horfa á sjónvarp. Þegar maður drífur sig t.d. á málverkasýningar, þá sér maður ekki eftir því, en ef til vill mætti fólk taka því rólegar á málverkasýningum. Ég vildi gjarnan koma aftur á þessa sýningu, en ég veit ekki hvað verður ég er að fara í mikið próf á næstunni, landsprófið, svo maður verður að nota tækifærið vel núna og ganga í rólegheitunum með sjálfri mér og skoða myndirnar, en þannig líkar mér það bezt."



Ingiveig Gunnarsdóttir og Ágústa Þorbergsdóttir fyrir framan myndina af Höllu með barn sitt, en ljóðið Sofðu unga ástin mín er samin við þann atburð er myndin sýnir.



Guðbjörg Eysteinsdóttir og Gerður Eðvarðsdóttir.

Landslagið heillaði aðra, þjóðsögurnar hina!

Guðbjörg Eysteinsdóttir og Gerður Eðvarðsdóttir 2 C voru að rabba saman um málverkin þegar við hittum þær að máli. Þær kváðust hafa farið í Ásgrímssafn á vegum Kvennaskólans þegar þær voru í I. bekk og því hafa haft áhuga á að sjá þessa sýningu á verkum Ásgríms í Kjarvalsstöðum.

„Mér fannst líka sjálfsagt að skoða þessa sýningu," sagði Guðbjörg," því það er talað svo mikið um þessar myndir og þá vaknar líka forvitni"

Gerður: „Þetta eru fallegar myndir og gaman að bera þær saman. Það er líka svo miklu skemmtilegra að skoða myndir á sýningum en í blöðum."

Guðbjörg: „Það er sérkennilegt hver sterkir litir eru í nýrri myndunum og eftir því sem maður kynnist þessum myndum betur þeim mun meira laðast maður að þeim. Það er líka gott að fá svona kynningu á þessum myndum, þótt hratt sé farið yfir og maður getur þá skoðað þær á eftir í rólegheitum. Ég er reyndar búin að koma hér einu sinni áður, svo sumar myndirnar eru orðnar kunningjar mínir."

Gerður: „Mér finnst mest gaman að þjóðsagnamyndunum, þær höfða mest til mín."

Guðbjörg: „Landslagið laðar mig mest".

Báðar svöruðu þær því aðspurðar





Soffía Arnþórsdóttir. Ljósmyndir Mbl. RAX

að þær teldu æskilegra að meira yrði gert af því á vegum skólanna að fara á vettvang þar sem eitthvað er um að vera, bæði á sviði lista og athafnalífs.

„Þessar myndir virka vel á mig."

Ágústu Þorbergsdóttur og Ingiveigu Gunnarsdóttur úr 3Z tókum við tali. Þær höfðu báðar komið áður í Kjarvalsstaði á vegum Kvennaskólans og þá á Kjarvalssýningu. Einnig kváðust þær hafa heimsótt Ásgrímssafn þegar þær voru í 1. bekk Kvennaskólans.

Ágústa: „Það er gaman að sjá aftur nokkrar myndanna sem ég hef séð áður".

Ingiveig: „Ég kannast einnig við nokkrar myndanna, t.d. myndina af Þorbjörgu digru."

Ágústa: „Þessar myndir virka vel á mig, sérlega vatnslitamyndirnar."

Ingiveig: „Maður þarf dálítinn tíma til að meðtaka þessa liti alla og í rauninni þyrfti maður að eyða nokkrum klukkustundum í að skoða þessa sýningu."

Ágústa: „Það er bara erfitt próf framundan, svo maður verður að gæta hófs"

Aðspurðar sögðust þær gjarnan vilja eiga einhverja af myndunum. Ágústa vildi eiga vatnslitamynd eftir Ásgrím úr Húsafelli og Ingiveig vildi helzt eiga myndina af Höllu með barn sitt við fossinn, en sú fyrirmynd er sótt í leikrit Jóhanns Sigurjónssonar, Fjalla-Eyvind. — **áj.**

Frá yfirlæknum Borgarspítalans:

Opið bréf til borgarstjórnar Reykjavíkur

Sjúkradeild í Hafnarbúðum

NÚ ER u.þ.b. 1 ár síðan borgarfulltrúar Reykjavíkur samþykktu **samhljóða** að koma upp hjúkrunardeild fyrir aldraða í Hafnarbúðum og í gær, 24. mars 1976, gerði Páll Gíslason, yfirlæknir og borgarfulltrúi, grein fyrir stöðu heilbrigðismála í borginni í grein í Morgunblaðinu. Gat hann meðal annars framkvæmda við Hafnarbúðir. Skúli Johnsen borgarlæknir gerði málinu einnig nokkur skil í sjónvarpsviðtali í fréttum að kveldi sama dags. Af þessu tilefni vilja yfirlæknar Borgarspítalans láta fara frá sér eftirfarandi

Vandi langlegusjúklinga: Þeir sem í þessari borg hafa fengist við lækningar og hjúkrun, hafa í sívaxandi mæli mætt vandamálum hjúkrunarvistunar og aldraðra. Hafa þessi vandamál stundum verið það erfið, að talað hefur verið um neyðarástand langlegusjúklinga. Margt hefur verið rætt og ritað um þessi mál undanfarin ár, en lítið orðið úr framkvæmdum til að leysa vandann. Læknar Borgarspítalans hafa hvað eftir annað bent á nauðsyn byggingar svo kallaðrar B-álmu Borgarspítalans, sem fyrst og fremst yrði ætluð langlegusjúklingum, en því miður hefur byggingin ekki komist á fjárlög ríkisins fyrr en nú í þeim síðustu.

Hafnarbúðir: Fyrir rúmu einu ári kom fram sú hugmynd að breyta Hafnarbúðum til bráðabirgða í sjúkrahús og reka þar sjúkradeild fyrir gamalt fólk. Var þá áætlað, að kostnaður við þetta mundi vera um 16 milljónir króna. Ákvörðunin um þessa breytingu var tekin af borgaryfirvöldum og samþykkt af fulltrúum allra flokka. Ekki var áður leitað álits stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, læknaráðs Borgarspítalans eða umsagna yfirlækna spítalans, þó að gert væri ráð fyrir að reksturinn og lækningar á staðnum yrðu síðar í höndum þessara aðila. Á þeim forsendum 1) að hjúkrunardeildum yrði komið upp í Hafnarbúðum, hvað sem tautaði og raulaði, 2) að B-álman væri enn ekki komin í fjárlög og 3) að neyðarástand langlegusjúklinga krefði, féllust læknar Borgarspítalans á að Hafnarbúðir yrðu starfræktar sem hjúkrunardeild og einkum fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga skurðlækningadeilda Borgarspítalsns. Enn á ný ítrekuðu læknar þó fyrri afsemdir sínar um Hafnarbúðir, sem mögulega rekstrareiningu og óskuðu um miðjan nóvember s.l. upplýsinga um kostnað fyrirhugaðra breytinga og hvort t.d. væri ekki hagkvæmara að leggja fjármagn fyrirhugaðra breytinga svo og hugsanlegt söluverð hússins í B-álmu Borgarspítlans og hefjast þar handa.

Sjúklingar í Hafnarbúðum: Gert er ráð fyrir 25 rúmum og er sennilegt að flestir sjúklinganna verði aldraðir hjúkrunarsjúklingar, sem þurfa mikla hjúkrun og umhirðu. Mjög vafasamt má telja, hvort heppilegt sé að slíkum sjúklingum sé komið fyrir á einum stað, með lítt viðunandi aðstöðu fremur en á þeirri almennu spítaladeild, sem viðkomandi kom inn á. Æskilegust væri vistun á öldrunardeild, sérstaklega ætlaðri sjúklingum með ellisjúkdóma, þar sem viðhalda má eðlilegri lífsafstöðu og von sjúklingsins.

Starfslið í Hafnarbúðum: Mjög erfitt er að manna hjúkrunardeildir af starfsfólki. Hjúkrunin er oft mjög erfið og mikil hætta á að andrúmsloftið á deildinni verði neikvætt, mótist um of af lélegum sjúkdómshorfum og vonleysi. Í nágrannalöndum okkar hefur mjög illa gengið að manna slíkar deildir og stefnan að undanförnu verið sú, að blanda saman langlegusjúklingum og þeim, er styttri legu þurfa og að því er varðar aldraða fólk, að reka öldrunardeildir þar sem hagsmuna aldraðra er sérstaklega gætt og öldrunarlækningar stundaðar.

Rekstrareining: 25 rúma eining er mjög óheppileg frá fjárhagslegu rekstrarsjónarmiði, jafnvel þó að þessi eining væri rekin í nánum tengslum við Borgarspítalann og undir stjórn hans. Talsverðar vegalengdir yrði að fara með sjúklinga til að fá röntgenmyndir. Blóðpróf væri unnt að taka á staðnum, en rannsóknir færu fram annars staðar. Viðhalds sjúkraþjálfun gæti og farið fram í húsinu, en engin endurhæfing að gagni.

Ekki of seint að snúa við: Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum í Hafnarbúðum. Verulegar skemmdir höfðu m.a. orðið á þakinu og drjúgur hluti kostnaðar orðið sá sami, hvaða starfsemi, sem þar færi annars fram. Er áætlað að viðgerð hússins verði lokið í maímánuði. Ekki er enn farið að innrétta eða kaupa lausabúnað. B-álma Borgarspítalans er nú komin í framkvæmdaáætlun. Þar er gert ráð fyrir u.þ.b. 200 rúmum fyrir aldraða fólk og stefnt að því að 60 rúm verði tekin í notkun á árinu 1978. Samkvæmt áætlun eiga 60 milljónir að fara í álmuna á þessu ári. Af ca. 66 rúmum í öldrunarlækningadeild ríkisspítalanna við Hátún standa nú 44 rúm nánast tilbúin til notkunar, en skortur á starfsfólki, útbúnaði og fleira hindrar rekstur. Á meðan málum er svo farið, gagnar okkur ekki húsnæði í Hafnarbúðum, sennilega án starfsfólks.

Við leggjum því til 1) að 47 milljónum úr sjóði stofnana fyrir aldraða, sem veita á í Hafnarbúðir, verði óskiptu veitt í B-álmu Borgarspítalans. (Varla hefur þessum peningum verið eytt í viðgerðarkostnað, sem hvort eð er varð að greiða.) 2) Að Hafnarbúðir verði seldar (vill ekki Landhelgisgæslan eða Reykjavíkurhöfn kaupa?) og andvirði hússins látið í B-álmuna og með sameiginlegu átaki verði nú unnið að því að fjármagna og koma upp sjúkradeildum fyrir aldraða við Borgarspítalann og ekki lengur setið og hugsað eða unnið að bráðabirgðalausnum. Kominn er tími til að sjúkt aldrað fólk, sem ekki getur verið heima hjá sér eigi greiðan aðgang að spítölunum. Hættum þessum hálfkláruðu framkvæmdum á mörgum stöðum og bráðabirgðalausnum og einbeitum okkur að því að ljúka brýnustu verkefnum, í þessu tilfelli að koma upp B-álmu Borgarspítalans fyrir öldrunarlækningar.

Reykjavík, 25. mars 1976

Ásgeir B. Ellertsson, dr med.
yfirlæknir endurhæfingardeildar.
Ásmundur Brekkan, dósent
yfirlæknir röntgendeildar
Eggert Ó. Jóhannsson, dr. med.
yfirlæknir rannsóknadeildar.
Guðjón Guðnason
yfirlæknir Fæðingarheimilisins
Karl Strand
yfirlæknir geðdeildar
Stefán Skaftason
yfirlæknir háls-, nef- og eyrnadeildar
Friðrik Einarsson, dr. med.
yfirlæknir skurðlækningadeildar
Haukur Kristjánsson, docent
yfirlæknir slysadeildar
Óskar Þórðarson, dr. med.
yfirlæknir lyflækningadeildar
Ólafur Þ. Jónsson
settur yfirlæknir svæfingadeildar.